



150 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, mánudaginn 9. desember 2019 kl.10:00 á bæjarskrifstofunni á Akranesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Björn Hilmarsson og Magnús Smári Snorrason í forföllum Lilju B. Ágústsdóttir.

Guðveig L. Eyglóardóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tók á að mæta. Haraldur Benediktsson, Sævar F. Práinsson og Pálmi Sævarsson sátu fundinn undir lið 5. Þá sat Margrét Björk Björnsdóttir fundinn sem og Páll S. Brynjarsson sem ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð 149 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 149 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Sóknaráætlun Vesturlands

Lögð fram tillaga að samskiptaáætlun fyrir Sóknaráætlun Vesturlands. Stjórn samþykkti tillöguna. Jafnframt var lögð fram tillaga að skipan Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2020 og 2021. Stjórn samþykkti tillöguna með minni háttar breytingum.

3. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

Rætt um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2019. Einnig var rætt um fyrirhuguð verkefni fyrir árið 2020 og hvernig þau verði valin. Stjórn samþykkt að fela starfsmönnum SSV að vinna tillögur að áhersluverkefnum sem verða lagðar fyrir samráðsvettvang sóknaráætlunar Vesturlands og síðan teknar til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar SSV.

4. Ráðstefna um sameiningu sveitarfélaga

Rætt um framkvæmd ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga. Stjórn er sammála um að markhópur verði sveitarstjórnarfólk, þingið verði opið fyrir sveitarstjórnarfólk af öllu landinu og leitað verði til ýmissa sérfræðinga um sveitarstjórnarmál til þess að vera með fyrirlestra á ráðstefnunni.

5. Samgöngumál á Vesturlandi

Á fundinn mættu Pálmi Þór Sævarsson forstöðumaður Vegagerðarinnar á Vestursvæði til viðræðna um framkvæmdir í vegamálum sem fyrirhugaðar eru á Vesturlandi. Auk þess tóku

Þeir Haraldur Benediktsson fyrsti þingmaður NV-kjördæmis og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri á Akranesi þátt. Góðar umræður urðu um stöðuna í vegamálum á Vesturlandi og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru næstu tvö árin. Það liggur fyrir að framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes og vegina um Skógarströnd og Uxahryggi eru ekki fyrirhugaðar fyrr en á öðru tímabili áætlunar, 2025 til 2029. Því er afar brýnt að nú þegar hefjist vinna við hönnun veglínu og undirbúning þannig að hægt verði að hefjast handa við framkvæmdir sem fyrst. Auk þess er nauðsynlegt að að fjárveitingar til tengivega og viðhalds verði auknar.

6. Almenningsamgöngur

Lagt fram yfirlit um rekstur almenningsamgangna á Vesturlandi fyrstu 10 mánuði ársins 2019. Staðan á rekstrinum er góð og útlit fyrir að niðurstaðan verði jákvæð í árslok.

7. Áfangastaðastofur landshlutanna

Á fundinn mætti Margrét Björk Björnsdóttir til viðræðna um stofnun Áfangastaðastofu, en fyrirhugað er að stofna þær á grunni markaðsstofa landshlutanna. Stjórn SSV leggur áherslu á stofnuð verði Áfangastaðastofa Vesturlands og að Vesturland verði ekki hluti af stærra svæði. Jafnframt samþykkt stjórn að útfærðar verði tillögur að því hvernig Áfangastaðastofa verði tengd starfsemi SSV í framtíðinni. Loks samþykkti stjórn að Markaðsstofa Vesturlands verði flutt í húsnæði SSV að Bjarnbraut 8 þegar Upplýsingamiðstöð Vesturlands verði lokað.

8. Málefni fatlaðra

Lagt fram bréf til félagsmálaráðuneytisins um slit á þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra. Stjórn SSV staðfesti fyrir sitt leiti slit á þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra og fól framkvæmdastjóra að senda framlagt bréf til félagsmálaráðuneytisins enda hafa öll sveitarfélög á Vesturlandi tekið ákvörðun um hvernig skipulag á þjónustu við fatlað fólk verði í náinni framtíð.

9. Sorpurðun Vesturlands

Lagt fram minnisblað frá Kristni Jónassyni formanni stjórnar Sorpurðunar Vesturlands um stöðu mála í Fíflholtum, verkefni sem eru í undirbúningi og þróun mála varðandi meðhöndlun úrgangs almennt. Efni minnisblaðsins var rætt, en málið er í höndum stjórnar Sorpurðunar Vesturlands.

10. Framlögð mál

- a. Yfirlit framkvæmdastjóra yfir fundi í nóvember